

## **Sp. 143. Tillaga til þingsályktunar**

um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 20 krónur, og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalds fyrir árið 1937.

### **Greinargerð.**

Nú er tala útvarpsnotenda orðin meira en þrettán þúsund, og munu varla í nokkru landi jafnmargir útvarpsnotendur miðað við fólksfjölda, en aftur á móti er afnotagjaldið hér á landi miklu hærra en í öðrum nálægum löndum. Útvarpið sjálft, ásamt viðtækjaverzluninni, hefir nú mikinn tekjuafgang, og virðist munu hafa framvegis töluverðar tekjur fram yfir gjöld, enda þótt afnotagjöldin lækkuðu alls um rúmar 30000 kr., en því mun sú lækkun nema, sem hér er gert ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Það þykir vera full ástæða til að bera fram ofanritaða tillögu, því að aðaltilgangur með stofnun útvarpsins var sá, að það yrði fræðslustofnun fyrir almenn- ing og til skemmtunar, en ekki sérstök tekjustofnun fyrir ríkissjóð. Nú er það hvorttveggja, að fátækari útvarpsnotendur til sveita og sjávar fá varla risið undir þeim kostnaði, er útvarpsnotkun leggur þeim á herðar, einkum þeir, er kaupa verða rafhlöður og hleðslu rafgeymanna, og liggur því við borð, að þeir verði að láta viðtæki sín aftur af höndum, og annað hitt, að útvarpsnotendur — að minnsta kosti margir þeirra — höfðu fulla ástæðu til að ætla, að lækkuð yrðu afnotagjöldin undir eins og útvarpsreksturinn færi að bera sig sjálfur. Þá má og gera ráð fyrir, að með lækkun afnotagjaldsins fjölgi útvarpsnotendum örar en ella, og myndi þá tekjurýrnun sú, er af samþykkt tillögunnar leiðir, hverfa að miklu eða öllu leyti.

Á Alþingi 1935 var svipuð þingsályktunartillaga borin fram af okkur framanrituðum flutningsmönnum ásamt tveim öðrum þingmönnum, en þá gert ráð fyrir, að gjaldið lækkaði um 15 krónur. Tillaga sú varð ekki útrædd. Þykir okkur nú líklegra, að tillaga okkar nái fram að ganga, ef ekki er farið fram á meiri lækkun en 10 krónur, og höfum því farið þá leið, þótt við litum þannig á, að sú lækkun sé allt of lítil.